

11. fundur. Haldinn að Breiðabliki 11.des. 2013

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson í fjarveru Sigurðar Hreinssonar. Einnig Katrín Gísladóttir sem varamaður með málfrelsi og tillögurétt. Valgarð Halldórsson sat einnig fundinn.

1. Ákvörðun launa, fasteignagjalda og útsvars.

Ákveðið að halda launum óbreyttum.

Ákveðið að halda óbreyttum hlutföllum frá fyrra ári.

Útsvarsprósenta 14,48 %. A og C liður fasteignagjalda 0,5 %

2. Útboð á lagningu ljósleiðara.

Verið er að útbúa útboðsgögn og undirbúningur á útboði er á lokastigum.

Svitarstjórn Eyja-og Miklaholtshrepps samþykkir að heimila útboð um ljósleiðaraverkefni á grundvelli greinargerðar Ólafs Sveinssonar um úrbætur á nettengingum á sunnanverðu Snæfellsnesi. Skilyrði fyrir heimild til útboðs er að sveitarfélagunum verði kynntar niðurstöður útboðs og hvort eða hversu mikið fjármagn þurfi frá hverju sveitarfélagi til þeirra framkvæmda sem boðnar verði út. Gerð verði ítarleg kostnaðaráætlun og fjármögnunaráætlun fyrir verkefnið áður en sveitarfélagið heimilar að gengið verði til samninga.

3. Fjárhagsáætlun 2014 og 2015-2017

Seinni umræða vegna hennar fer fram og hún síðan borin upp til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Aðalskipulagið- staða og bókun.

Þróstur vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Niðurstaða hreppsnefndar í þessu máli að láta reyna á staðfestingu á aðalskipulaginu.

Katrín Gísladóttir tók sæti sem aðalmaður við afgreiðslu þessa máls.

5. Skýrsla starfshóps SSV

Þróstur tók sæti á ný á fundinum.

Skýrslurnar lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn lýsir stuðningi við áframhaldandi samstarf um menningarmál svo lengi sem fjármunir og tilefni leyfa.

6. Hitaveitumálin- staða mála.

Borun er lokið, ekki er komin skýrsla. Nefnd sett á laggirnar til að skoða hvernig hægt sé að koma vatninu út.

7. Hnit seldra lóða úr hreppalandinu.

Mæling fór fram 23. nóv. Ólafur Guðmundsson var fenginn til verksins.

8. Önnur mál

Hreppsnefnd Eyja-og Miklaholtshrepps sendir öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi boð um sameiningu.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Svanur andvígur.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin.